

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð.

1. gr.

Gjaldskráin er sem hér greinir:

a. *Árgjald.*

Sorpgjald á íbúðir í þéttbýli kr. 40.710.

Sorpgjald á lögbýli og íbúðarhús í dreifbýli kr. 33.560.

Sorpgjald vegna sumarhúsa kr. 20.355 enda geti notendur í dreifbýli losað sig við sorp á gámasvæði og flokkunarstöð sveitarfélagsins.

b. *Árgjald.*

Sorpgjald á hverja starfsstöð fyrirtækis:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu og sorpeyðingu frá þeim.

Flokkur 1	kr.	40.710
Flokkur 2	kr.	61.065
Flokkur 3	kr.	86.575
Flokkur 4	kr.	122.210
Flokkur 5	kr.	155.845
Flokkur 6	kr.	226.120
Flokkur 7	kr.	437.015
Flokkur 8	kr.	651.950
Flokkur 9	kr.	1.618.750
Flokkur 10	kr.	2.556.990
Flokkur 11	kr.	3.256.870

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka samkvæmt eðli og umfangi starfsemi þeirra.

2. gr.

Að lokinni álagningu skv. 1. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Strandabyggðar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2017. Gjaldskráin er sett skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 282/2012.

Strandabyggð, 5. febrúar 2018.

Andrea K. Jónsdóttir sveitarstjóri.